



**Ávarp
forseta Íslands
á 100 ára afmæli Eyrarbakkahepps
18. maí 1997**

Heiðruðu hátíðargestir.

Á merkisdegi í sögu Eyrarbakka hafa okkur gefist margvísleg tækifæri til að leiða hugann að hraðri framrás tímans og ölduróti breytinga á æviskeið kynslóðanna.

Hér á Eyrarbakka birtist okkur með skýrum hætti hvílík umturnun hefur orðið í stjórnskipun, verslunarháttum, byggðamyndum og þjóðlífi öllu, hve hrynjandi íslenskrar sögu er hröð, hve títt nýr taktur er sleginn í búsetu, menningu og lífsstíl.

Hér eru augljós þau sannindi að íslenskt þjóðfélag hefur aldrei verið samfélag kyrrstöðu; að ætíð hefur gerjun hins nýja verið áhrifaríkt afl til breytinga.

Þótt erfiðleikarnir hafi oft virst vera óviðráðanlegir hefur sérhver kynslóð unnið sína sigra. Byggðirnar hafa ávallt lagað sig að straumfalli nýrrar tíðar.

Fyrir mörg hundruð árum var Eyrarbakki miðstöð erlendra kaupmanna sem komu frá mörgum þjóðlöndum. Þeir tengdu Ísland við verslunarheim Evrópu. Á kortum sem varðveitt voru í páfagarði og konungaranni var Eyrarbakki helsta kennileiti Íslands.

Þegar Fjölnismenn nokkrum öldum síðar sátu ungir sveinar á skólabeck á Bessastöðum var byggðamyndun Íslands á þann veg að Eyrarbakki, Ísafjörður, Reykjavík og Akureyri kölluðust á með svipað mannlíf og stærð.

Öll þekkjum við þá miklu þjóðarsögu sem fylgdi í kjölfarið: sjálfstæðisbaráttu, verslunarþróun, heimastjórn, iðnvæðingu, stórútgerð, fullveldi, lýðveldisstofnun, tæknivæðingu, upplýsingabyltingu og nú síðast heimstengingu viðskipta, fjölmiðlunar og boðskipta; öll jarðarbyggð á vissan hátt orðin eitt þorp.

Í ölduróti þessara hraðvirku breytinga leita margir að traustum landfestum, sækja á ný í fornar sögur, samvisku genginna kynslóða sem áður stigu ölduna á erfiðri siglingu, héldu þó kúrs og komust heilar í höfn. Að vísu með nýja reynslu og breytta sýn en samt með tónfall fyrri tíðar í sálu sinni.

Á síðari árum höfum við Íslendingar verið að átta okkur á mikilvægi menningararfs frá fyrri tíð, lært að lesa sögu gamalla húsa, öðlast nýja virðingu fyrir munum og minjum frá tímum einokunar og einveldis.

Við höfum smátt og smátt skilið að dýrmætt veganesti á leið okkar til móts við nýja öld er sniðið úr arfleifð margra kynslóða, að saga þjóðar, byggðarlags, sveitar og þorps er ofin úr efniviði margra alda.

Hér á Eyrarbakka hefur verið unnið brautryðjandastarf í þessum efnum. Byggðin er orðin öðrum fyrirmynd, vettvangur þar sem samtenging sögu og framtíðar, menningararfs og nútíðar er ekki kenning heldur veruleiki.

Húsið, hið eina og sanna, samnefnari allra húsa frá liðnum öldum, fallett og tiginborið. Kirkjan endurbyggð í gömlum stíl með konunglegri altaristöflu sem máluð er af sjálfri drottningunni ektakvinnu Kristjáns IX, ættmóður Margrétar Danadrottningar, Haraldar Noregskonungs og Elísabetar Bretlandsdrottningar. Þá var íslensk heimastjórn ærið fjarlæg hugsun í kóngsins Kaupinhafn. Barnaskólinn, stofnaður árið eftir þjóðfundinn þegar Jón Sigurðsson mótmælti og þeir reyndar allir; og þannig mætti lengi telja.

Íslensk þjóð er í þakkarskuld við íbúa og forvígismenn Eyrarbakka. Þið hafið gert hafa þessa sögu að sýnilegri sameign okkar allra.

Víða um lönd eru slíkar menningarminjar í hávegum hafðar, stolt landsmanna. Við hjónin höfum kynnst því í heimsóknum okkar til Danmerkur og Noregs að frændþjóðir okkar telja að þar sem gamalt og nýtt fellur að einum ósi sé vænlegt að nema staðar um stund og hugleiða hvað skapar samkennd hverrar þjóðar.

Menningarminjar eins og þær sem varðveittar eru hér á Eyrarbakka eru auk þess auðlind á okkar tíð og enn frekar í framtíðinni þegar ferðamannþjónustan er orðin mikilvæg gjaldeyrislind okkar Íslendinga. Þekkingarferðamennska er víða um veröld helsti vaxtarbroddur þeirrar atvinnugreinar. Hér hafið þið lagt grundvöll að sóknarfærum þjóðarinnar.

Um leið og ég færi ykkur hamingjuóskir á 100 ára afmæli Eyrarbyggis flyt ég ykkur þakkir Íslendinga fyrir það brautryðjandastarf í samvinnun menningar og sögu sem hér blasir við um byggðarlagið allt.

Við Guðrún Katrín þökkum ykkur góðar móttökur og óskum Eyrarbakka heilla á þessum hátíðardegi.